

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi

1. grein

Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. grein

Sorphirðugjald

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af Grátunnu, Blátunnu og Græntunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Sorphirðugjald

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 L ílát	17.364 kr.	7.532 kr.	7.532 kr.
360L ílát	25.920 kr.	11.160 kr.	11.160 kr.
660 L ílát	50.104 kr.	23.054 kr.	23.054 kr.
1100 L ílát	82.343 kr.	37.265 kr.	37.265 kr.
1700L ílát	127.500 kr.	52.700 kr.	52.700 kr.
3.000 L ílát	216.000 kr.	93.000 kr.	93.000 kr.
8.000 L ílát	576.000 kr.	248.000 kr.	248.000 kr.

Grátunna: hirðing á 14 daga fresti.

Blátunna: hirðing á 42 daga fresti.

Græntunna: hirðing á 42 daga fresti.

3. grein

Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald

<i>Íbúðarhúsnæði</i>	21.000 kr.
<i>Frístundahúsnæði</i>	17.713 kr.
<i>Lögbýli</i>	10.269 kr.
<i>Fyrirtæki</i>	34.362 kr.

4. grein
Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m³ vikulega. Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ er kr. 5.000

5. grein
Gjaldtaka þjónustuverktaka

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamning milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skulu aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. grein
Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 22. nóvember 2017 og staðfest af Heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 8. desember 2017. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1157/2016 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. desember 2017

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri